

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Erum einnig á visir.is

NÓVEMBER 2020

11. tbl. 27. árg.

Öll lyf á
lágmarksverði
og samheitalyf
líka!



Erum á Óðinsgötu 1

Afgreiðslutími:

Mán: 11-16

Pri-fös: 11-18

Lau 11-16

sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid

Netverslun: systrasamlagid.is

Hrekkjavaka í Hellinum



Hrekkjavaka var í Hellinum félagsmiðstöðinni við Kleifarsel í lok október. Sjá nánar á bls. 12.



- bls. 8
Mjóddin
- Stærsti
verslunarkjarni
í Breiðholti

PIZZUR MÁNADARINS

TRÍÓ

→ EIN STÓR PIZZA ←

1.790 KR.

ADEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EDA MED APPINU, GREIDIR FYRIRFRAM OG SÆKIR



DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

LIND

FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

VIÐ BREIÐHOLTID

OPNUNARTÍMAR ICELAND Í BREIÐHOLTINU:
Vesturberg - Arnarbakki - Seljabraut:
Virka daga 07:00-24:00 - Helgar 09:00-24:00

Iceland

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thoringimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

11. tbl. 27. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Engin mislæg gatnamót

- á mótum Arnarnesvegur og Breiðholtsbrautar



Á myndinni má sjá hvernig Arnarnesvegur mun liggja á milli Kópavogs og Breiðholts með tengingu inn á Breiðholtsbraut.

Hætt hefur verið við að byggja mislæg gatnamót á mótum Arnarnesvegur og Breiðholtsbrautar. Byggð verður brú og ljósastýrð vegamót sett upp. Talið er að þessi framkvæmd hafi minna rask í för með sér en mislæg gatnamót með tilheyrandi umferðaslaufum. Með þessari leið er ætlunin að hljóðvist muni batna fyrir nálægar íbúðir í Fella-hverfi. Breytt útfærsla hafi enn fremur ekki áhrif á fyrirhugaðan Vetrargarð í Breiðholti og bæti samgöngur gangandi og hjólandi. Arnarnesvegur er hluti af samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sem sveitarfélögin á svæðinu og Vegagerðin standa í sameiningu að. Stefnt er að því að útboð vegna verksins fari fram á næsta ári.

Á vef Reykjavíkurborgar kemur fram að gert er ráð fyrir að Arnarnesvegur fari á brú yfir Breiðholtsbraut en mæti götunni í plani á ljósastýrðum gatnamótum. Gatnamótin verða með þessari lausn ekki eins landfrek og inngríp í landslag og jarðrask og efnisflutningar verða mun minni en í öðrum mögulegum lausnum. Þá verður með brúnni til góð leið fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur milli Elliðaárdals, Seljahverfis og efri byggða Kópavogs. Gert er ráð fyrir að hljóðvist verði undir viðmiðunarmörkum vegna smíði 1,5 metra háa hljóðveggs á brú og rampa við Breiðholtsbraut auk endurbættar hljóðmanar milli nýrra gatnamóta og undirganga milli Jaðarsels og Suðurfells.

Hringtorg við Vatnsendahvarf

Gert er ráð fyrir hringtorgi við Vatnsendahvarf, einni brú yfir Breiðholtsbraut fyrir akreinar og stíga, og tengingu við Breiðholtsbraut með umferðarljósum. Núverandi ljósastýrð vegamót við Vatnsendaveg verða felld niður en þó verða þar leyfðar hægribeygjur. Talið er að þessu útfærsla skapi auknið rými við skíðabrekku í Reykjavík miðað við þær lausnir sem samþykktar voru í mati á umhverfisáhrifum og tekur jafnframt minna rými norðan Breiðholtsbrautar. Á vef Vegagerðarinnar kemur fram að munur á þeirri tillögu sem nú liggur fyrir og þeirri sem samþykkt var í matsferlinu sé sá að ekki verði um fullbúin mislæg vegamót að ræða heldur ljósastýrð vegamót.

Vetrargarðurinn hafður í huga

Þegar hverfisSKIPULAG fyrir Breiðholt var kynnt fyrir í haust bárust margar athugasemdir þar sem var lýst yfir áhyggjum af því að fyrirhuguð lagning Arnarnesvegur myndi skerða Vetrargarðinn sem á að reisa efst í Seljahverfi. Þessi nýja blandaða lausn fyrir gatnamót við Breiðholtsbraut er hagkvæm fyrir garðinn og þá fjölbreyttu starfsemi sem gert er ráð fyrir að verði þar allan ársins hring.

www.borgarblod.is



Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar



Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

- ◊ Office 365 þjónusta
- ◊ Gagnabjörgun og afritun
- ◊ Umsjón tölvukerfa
- ◊ Vefsíðugerð og umsjón
- ◊ Tölvuviðgerðir
- ◊ Tölvur og jaðarbúnaður



Parabakki 3, **Mjódd**
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is



VERTU MEÐ!

Við leitum að tengiliðum af erlendum uppruna sem vilja starfa með okkur eða aðstoða við að miðla upplýsingum um verkefnið „Frístundir í Breiðholti“ til fólks af erlendum uppruna innan síns tengslanets hér í Breiðholti.

Áhugasöm hafi samband við Nichole Leigh Mosty verkefnisstjóra á Þjónustumiðstöð Breiðholts, netfang: nichole.leigh.mosty@reykjavik.is

COME JOIN US!

We are looking for contacts of foreign origin who would like to help support our efforts in mediating information about the “Frístundir in Breiðholt” (Leisure activities in Breiðholt) project, to people within your network also of foreign origin here in Breiðholt.

Anyone interested are welcome to contact Nichole Leigh Mosty, Project Manager at Breiðholt Service Center by email: nichole.leigh.mosty@reykjavik.is

كونوا معنا

نحن نبحث عن أشخاص من مختلف الجنسيات من ساكنة منطقة بریدهورت و الذين يودون دعم مجهوداتنا في نشر المعلومات حول مشروع الأنشطة الترفيهية في منطقة بریدهورت. مرحبا بكل من يهمله الأمر.

يرجى الإتصال بالسيدة نيكول ليك موستي مديرة مشروع مركز خدمات بریدهورت على الايميل التالي : nichole.leigh.mosty@reykjavik.is

PRZYŁĄCZ SIĘ DO NAS!

Szukamy osób, które chciałyby pomóc nam rozpropagować informacje o projekcie “Frístundir í Breiðholt” (Rekreacja na dzielnicy Breiðholt). Projekt dedykowany jest mieszkańcom obcego pochodzenia mieszkającym na dzielnicy Breiðholt.

Osoby zainteresowane prosimy o kontakt mailowy z Nichole Leigh Mosty, Kierownikiem Projektu z Miejskiego Centrum Usług Breiðholt: nichole.leigh.mosty@reykjavik.is

¡ÚNETE A NOSOTROS!

Estamos buscando personas de origen extranjero que estén interesadas en colaborar con nosotros y distribuir información sobre el proyecto “Frístundir en Breiðholt” entre sus contactos aquí en Breiðholt.

Los interesados por favor contacten a Nichole Leigh Mosty, director de proyecto en Breiðholt, via email: nichole.leigh.mosty@reykjavik.is

Markmið tilraunaverkefnisins „Frístundir í Breiðholti“ er að auka þátttöku barna í íþrótt- og frístundastarfi í Breiðholti og nýta frístundakortið til að greiða fyrir hana. Með þátttökunni er markmiðið að auðvelda samfélagslega þátttöku, íslenskunotkun og auka félagslega virkni barna með mismunandi bakgrunn.

The aim of this experimental project “Frístundir í Breiðholti” is to increase participation in sport and leisure activities among children and youth in Breiðholt. Additionally we aim to increase the use of the “Leisure Card” to help pay for the cost of participation. Through participating in sport and leisure activities, active participation in society as a whole becomes much easier. Coaches and adults who work with children and youth will be utilizing Icelandic as a tool to support increased use of Icelandic among children of all backgrounds, as well as a bridge to support social bonds.



VIÐTALIÐ

Fjögur ár í Gerðubergi

- viðtal við Evelyn Rodriguez veitingamann í Gerðubergi

“Ég verð búin að reka kaffihúsið í Gerðubergi í fjögur ár um áramótin,” segir Evelyn Rodriguez. Ég opnaði Cocina Rodriguez 2. janúar 2017. Vinkona mín benti mér á að verið væri að leita eftir fólki til þess að taka við þessum rekstri. Ég spurðist fyrir og var boðuð á fund. Ég var búin að hugsa þetta aðeins. Hugsa um hvernig ég vildi gera þetta. Við ræddu málin. Ég sagði já og hef verið hér síðan.”

Þegar Evelyn opnaði kaffihúsið höfðu orðið miklar breytingar í Gerðubergi. Kaffihúsið hafði verið fært til. Opnað inn í bókasafnið og allt pláss aukið. Gert var ráð fyrir að fólk gæti nýtt safnið og gætt sér á veitingum í leiðinni. Aðstaða til fundarhalda hafði einnig verið bætt og allt umhverfi var orðið opnara og aðgengilegra. Kaffihúsið í Gerðubergi hafði um árabil boðið upp á máltíðir fyrir heldri borgara sem gestir félagsstarfsins í Gerðubergi og einnig íbúar í byggingum austan menningarhússins. Þegar Evelyn tók að sér rekstur kaffihússins útbjó hún nýjan matseðil nokkuð ólíkan því sem daglegir gestir höfðu átt að venjast. Hún raðaði saman hugmyndum úr hefðbundinni matarmenningu á Íslandi einnig frá sínum fyrri heimkynnum. Hún lagði einnig aukna áherslu á grænmeti við matargerð. Svo bar við að fljótlega nutu réttir hennar fráþærra vinsælda. Fastir gestir endurnýjuðu komur sína og nýir bættust í hópinn. En hvaða kemur þessi kraftmikla kona sem hefur drifið veitingarekstur í Gerðubergi upp eftir að hann hafði ekki notið sín nægilega vel.

Frá Dómíníska lýðveldinu

“Ég er frá Dómíníska lýðveldinu sem er land á eystrí hluta eyjunnar Hispaníólu einni af eyjunum í Karíbahafi með landamæri að Haítí í vestri. Ég kom hingað þegar ég var 21 árs. Kom fyrst til Akureyrar. Ég á frænku sem býr þar. Ég kynntist vini mannsins hennar og við giftumst. Ég bjó á Akureyri til ársins 2004. Þá var hjónabandið búið og ég fluttist til Reykjavíkur.” Evelyn er lærður blómaskreytingamaður en fór að

starfa við ólíkan iðnað á Akureyri. Það er matvælaíðnað. “Ég var að leita mér að vinnu og fékk starf hjá Kjarnafæði. Þetta var allt nýtt fyrir mér. Ég hafði aldrei unnið við matvælaíðnað sem er mjög ólíkt blómaskreytingunum og allt annað umhverfi. Miklu harðari vinna. Þetta voru mikið viðbrigði. Ég fór líka í Verkmenntaskólann á Akureyri til þess að læra íslensku. Ég vissi að ég yrði að læra íslensku ef ég ætlaði að vera hér áfram.” Evelyn segist nota íslensku dags daglega en tala spænsku heima við börnin og oft líka í vinnunni ef hún er með spænskumælandi fólk með sér. “En ég held mig líka ákveðið við íslenskuna. Ég hef orðið vör við að þegar fólk sér að ég er útlend þá vill það fara að tala ensku. Ég forðast það. Við tölum bara íslensku við Íslendinga. Segi stundum að ég tali ekki ensku.” Evelyn segir skemmtilega sögu að viðskiptum sínum við VÍS. “Ég hafði sent þeim fyrirspurn í tölvupósti. Skrifaði hana á íslensku. Ég beygi ef til vill ekki alveg rétt þótt ég reyni. Og svo er það spænskættaða nafnið mitt. Ég fékk svar á ensku. Sú sem svaraði mér talar eflaust ekki spænsku en hefur haldið að enska hentaði mér betur en íslenskan. En samt undarlegt að fá svar á öðru tungumáli en ég skrifað. Ég svaraði til baka á íslensku og sagði að þannig vildi ég hafa það.”

Var alltaf vel tekið

Evelyn bjó í 12 ár í Vesturberginu en býr nú í Safamýri. “Ég festi kaup á 76 fermetra íbúð í Vesturberginu 2005. Ég var yngsta manneskjan í sjö hæða stigagangi alla vega til að byrja með. Ég var þó aldrei vör við annað en að mér væri tekið vel. Ég var með



Evelyn Rodriguez hefur rekið kaffihús og veitingastað í Gerðubergi í nær fjögur ár.

yngstu systur mína hjá mér og átti orðið tvö börn. Því var orðið þröngt um okkur. Ég ákvað því að selja íbúðina og fann íbúð í Safamýri. Hún er á fyrstu hæð sem er betra fyrir krakkana. Við erum beint á móti skólanum þeirra. Ég fékk systur mína hingað fyrir sex árum. Hún býr núna fyrir norðan. Á Hrafnagili við Akureyri. Hún stefnir að því að læra matreiðslu.”

Amma að verða 105 ára

Fjölskyldan í Dómíníska lýðveldinu. Ertu í góðu sambandi við hana. “Já – ég legg mikið upp úr því. Hef reynt að fara þangað á hverju ári. “Fjölskylda mömmu flutti reyndar til Bandaríkjanna þegar ég var ung. Ég á systkyni í New York og Boston. Ég á líka skyldfólk á Spáni. Í Madrid og Barcelona. Það hentar mér vel að eiga skyldfólk í Bandaríkjunum. Ekki er um beint flug að ræða héðan til Dómíníska lýðveldisins.

Ég þarf að millilenda og þá nota ég tækifærið að hitta ættingja mína þar.” Móðir Evelyn dó þegar hún var 12 ára. Varð fyrir voðaskoti. “Faðir minn er hins vegar á lífi og amma er að verða 105 ára. Verður það í febrúar. Ótrúlega hress þrátt fyrir þennan háa aldur.” Evelyn tekur farsímamann upp og sýnir tíðindamanni upptöku af ömmu sinni þar sem hún er að dansa. “Er þetta ekki ótrúlegt,” segir hún. Evelyn á tvö börn. Tíu ára dreng og sjö ára stúlku. Þau eru af dómíníkskum uppruna eins og mamman. “Ég er einstæð móðir í dag en á vin í Dómíníska lýðveldinu. Það er nokkuð langt á milli en ég geri ráð fyrir að hitta hann í sumar ef losnar um ferðatakmarkanir og ég kemst út. Hann er byggingarverkfræðingur og starfað þar ytra. Hlakka til að hitta hann. Hann hefur íhugað að flytja hingað því ég er ekki tilbúin að fara aftur út til að setjast þar að. Ég er ef til vill ekki auðveldasta

manneskja í sambúð. Bæði með fyrirtæki og tvö börn. Ef ég fer í sambúð verður sambýlingurinn að taka þátt í lífinu með mér - heimilishaldi sem öðru. Við verðum bara að bíða og sjá hvað verður. Hvort draga mun úr covid faraldrinum. Í dag er allt hálf stopp út af honum.”

Stöðugt sumar, fellibyljatími og misskipting

Evelyn segir að samfélagið í heimalandi hennar sé allt annað en hér á landi. “Veðráttan er með öðrum brag. Það er sumar allt árið. Fellibyljatíminn gengur yfir á haustin. Hann getur verið erfiður. Miklar rigningar og stormar á milli. En það er líka allt önnur stemming í samfélaginu. Fólk er mikið úti. Hittist og spjallar saman. Fólk situr mikið úti fyrir utan heimili sín. Heilsar og spjallar jafnvel við þá sem labba fram hjá. Það er líka mikil fátækt víða. Atvinnuleysið er mikið. En samfélagið er skipt. Sumir eru efnadir. Jafnvel ríkir og búa í allt að 500 fermetra húsum.”

Fór að undirbúa veislur

Svo dustu inn í veitingageirann? “Já – það má segja það. Ég byrjaði að þjóna á Hótel Loftleiddum þegar ég kom að norðan 2005. Ég var ekkert við eldamennskuna þar en hafði engu að síður áhuga á mat og gaman af því að elda. Á meðan ég var að vinna hjá Kjarnafæði fór ég að undirbúa veislur og einnig að matbúa og selja tilbúinn mat. Heiman að frá mér. Ég hélt þessu áfram. Fólk var líka að koma heim og borða hjá mér. Þannig byrjaði þetta og ég sá tækifæri fyrir mig í veitinga- og kaffihúsi í Gerðubergi. Ég ætla mér að vera áfram. Fólk hefur tekið mér vel og því sem ég er að gera. Fólkíð kann vel við matinn og þjónustuna.”

Fólkið fljótt að aðlagast nýjum matseðli

En hvernig var að fá fólk til þess að venjast nýrri matargerð. Fólk sem ef til vill var vant

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin



Evelyn með ömmu sinni heima í Dóminóska lýðveldinu. Amma hennar er að verða 105 ára og var myndin tekin þegar haldið var upp á 104 ára afmæli hennar.

hefðbundnum íslensku mat sem er öðru vísi en matargerð frá Dóminóska lýðveldinu. “Ég byrjaði á að setjast niður og þróa matseðil. Ég var strax ákveðin í að blanda saman matargerð að heiman og þeirri sem ég hafði lært hér á landi. Þannig fengi ég

meiri fjölbreytni og að auðveldara yrði að fá fólk til þess að prufa og reyna eitthvað sem það hafði ef til vill ekki gert áður. Ég ákvað líka að vera ekki með sama matinn dag eftir dag. Fólk þarf stundum að bíða í þrjár vikur til þess að fá það sama aftur. Ég reyni að



Dýralífið er fjölbreytt og ólíkt því sem er hér á landi.

hafa fjölbreytnina sem mesta. Ég er yfirleitt með fiskrétti tvisvar í viku og kjöt þrisvar og síðan bröns á laugardögum. Ég hef líka lagt áherslu á frá upphafi að hafa grænmeti með matnum. Það er hluti af honum.” Evelyn segir að sumir hafi verið hræddir við að

bragða fyrstu dagana og jafnvel fyrstu tvær vikurnar. Ég fór að ræða við fólk og segja því frá matargerð í Dóminóska lýðveldinu og hvernig ég reyndi að blanda þessu saman. Þá fór þetta að fara vel í gang. Fólk fékk áhuga á að smakka og flestum líkaði vel. Það



Frá markaði. Matarmenning er önnur en hér. Evelyn hefur sameinaði matarmenningu tveggja ólíkra landa í Gerðubergi.

var ákveðin íhaldssemi að vilja ekki prufa eitthvað nýtt.”

Býð fólk að taka með sér heim

Cosina Rodriguez er dagkaffihús. Kvöldverður er ekki í boði. Sumt fólk borðar ekki í hádeginu. Er ekki eftirspurn eftir kvöldverði. “Já - hún er fyrir hendi. Ég býð fólk upp á að taka mat með sér heim. Það getur tekið mat með sér og haft í kvöldmatinn. Það er bara að hringja og panta. Fólk getur pantað til dæmis fyrir þrjá eða fjóra. Það er talsvert um þetta.” Það er föstudagssíðdegi og fáferðugt í Gerðubergi. Bókasafnið er lokað nema bækur eru lánaðar innpakkaðar á borð fyrir framan. Grímuklætt fólk kemur að sækja þær og skila í sérstakan skilakassa. Covid er allsstaðar. Evelyn er ein að vinna á kaffihúsinu meðan á þessu stendur. Það koma kannski tíu til tólf manns í mat í hádeginu. Venjulega er ys og þys á þeim tíma. “En þetta á vonandi eftir að breytast aftur,” segir hún um leið og hún minnir á kaffihúsið og fjölbreytta aðstöðu fyrir framan bókasafnið í Gerðubergi.

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Ólafur Finnogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Bryndís Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 569 7024



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120



Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Páll Þórólfsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 893 9929



Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 780 2700



Hilmar Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 9500



Ragnheiður Pétursdóttir
hdl. og löggiltur
fasteignasali



Harpa Rún Gláð
hdl. og löggiltur
fasteignasali

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Vill ekki vinnveitingastaði í hverfiskjörnum



Hverfiskjörnum við Eddufell er á miðri mynd á milli stóru blokkanna.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur gert nokkar athugasemdir við breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur þar sem auglýstir eru nýir reitir fyrir íbúðabyggð og hverfiskjörna. Þar á meðal eru Arnarbakki í Neðra Breiðholti, Eddufell, Völvufell og Suðurfell í Efra Breiðholti og Rangársel í Seljahverfi.

Heilbrigðiseftirlitið segir í umsögn sinni að í hverfiskjörnum fyrir reiti við Arnarbakka, Eddufell, Fellagarða og Rangársel sé gert ráð fyrir að hægt verði að vera með umfangsmikla áfengisveitingastaði samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi eða hverfisskipulagi. Bent er á að slíkir staðir leiki háværa tónlist og kalli á meira eftirlit og löggæslu. Eftirlitið leggst gegn því að slíkir staðir verði leyfðir í íbúðabyggð eða nærri íbúðabyggð vegna neikvæðra grenndaráhrifa.

Árbæjarlón tæmt



Norðurhluti Árbæjarlóns fyrir ofan stífluna í Elliðaánnum hefur verið tæmt. Lónið var tæmt í samráði við Hafrannsóknastofnunina en stofnunin hefur lagt til að komið verði á náttúrulegu rennsli í gegnum stífluna allt árið. Í tilkynningu frá Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að ástæður þessarar breytingar séu niðurstöður vatnsgæðamælinga sem gerðar voru í ánni neðan stíflunnar á meðan tæmingu stóð í vor.

Í niðurstöðum þeirra mælinganna kom fram að þessi árlega tæming á lóninu sé ekki æskileg fyrir lífríkið. Í hinu nýja fyrirkomulagi eru hagsmunir lífríkisins hafðir að leiðarljósi enda Elliðaár og dalurinn allur einstök náttúru- og útivistarperla í borg. Við tæmingu lónsins færast árnar nær sinni náttúrulegu mynd til frambúðar segir í tilkynningu Orkuveitunnar.

Ástæða þess að lónið hefur verið tæmt á vorin er til að opna fyrir fiskgengd í gegnum stífluna. Á haustin var fyllt upp í lónið og það sett á yfirfall yfir veturinn. Nú hefur verið horfið frá þessu fyrirkomulagi enda stíflan rekin út frá hagsmunum lífríkisins eftir að raforkuvinnslu í Elliðaárstöð var hætt.

Skipta skoðanir

Skoðanir eru skiptar um þessa ákvörðun. Kvartað

hefur verið undan því að ekkert samræða hafi verið haft við íbúa á þeim svæðum sem liggja næst Elliðaánnum. Ein þeirra sem ekki er sáttur er Þorkell Heiðarsson, líffræðingur og formaður íbúaráðs í Árbæ. Hann sagði í samtali við Morgunblaðið fyrir skömmu að tæming Árbæjarlóns til frambúðar væri vanhugsaða ákvörðun sem tekin hafi verið án samráðs við íbúa á svæðinu. „Þetta er mál sem kemur íbúunum við, þetta er umhverfi íbúanna í þessu hverfi,” sagði hann í samtali við blaðið.

Fuglalíf ætti ekki að verða fyrir miklum áhrifum

Í tilkynningu Orkuveitunnar kemur fram að gert sé ráð fyrir að bera fræslægu á svæðið en þá er grasið slegið með fram bökkum og dreift yfir þann hluta sem var undir lóninu til að flýta fyrir náttúrulegri framvindu staðargróðurs. Þetta er aðferð sem hefur verið notuð á athafnasvæði OR samstæðunnar með góðum árangri. Í tilkynningunni kemur fram að fuglum á lóninu muni fækka en þeir muni mögulega færa sig upp með ánni. Að öðru leyti ætti fuglalíf ofan lónsins og fyrir neðan Árbæjarstíflu ekki að verða fyrir miklum áhrifum af þessari breytingu.

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!

3ja ára afbyrgi

JS LJÓSA SMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 • 200 Kóp. Sími 554 0661

breidholt.is

coral[®] Dyra og hreinsimottur
Stoppar 90% óhreininda

forbo
FLOORING SYSTEMS

KJARAN

SÍÐUMULA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

RECARO

Barnabílastólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi
s. 551 1266 | utfor@utfor.is
utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM
ALLAN SÓLARHRINGINN

Ágreiningur um hesthúsalóðir í Víðidal

Ágreiningur er um lóðaleigusamning vegna hesthúsa í Víðidal. Félag hesthúseigenda í dalnum og hestamannafélagið Fákur hafa mót-mælt höfnun borgarráðs um beiðni um 50 ára lóðarleigusamninga undir hesthús félagsmanna. Félagið hafði ásamt eigendum hesthúsa farið fram á lóðaleigusamning til 50 ára með ákvæðum um að borgarsjóður greiði leigutaka sannvirði húsanna að leigutíma loknum.

Borgarráð samþykkti með fjórum atkvæðum gegn þremur að lóðarleigusamningar í Víðidal skyldu áfram gerðir til 25 ára og húseigendur skuli fjarlægja hesthúsin á sinn kostnað og skila þannig lóðinni til

borgarinnar að leigutíma loknum. Í ályktun tveggja hestamannafélaga segir að þessir úreltu lóðaleigusamningar standi í vegi fyrir endurnýjun í hestamennskunni og að ungt fólk vilji leggja í þá fjárfestingu sem bygging hesthúss er. Ótrúlegt sé að hesthúseigendum sé boðið upp á að fjarlægja hesthús á sinn kostnað að loknum 25 ára leigutíma. Ágreiningur hefur verið um málið um langt skeið. Önnur hús á Fálkssvæðinu, Faxaból, Reiðhöllin, Dýraspítalinn og Almannadalur ásamt öðrum hesthúsum á höfuðborgarsvæðinu hafa samninga með ákvæðum þeim sem hesthúseigendur í Víðidal vilja nú innleiða í lóðarleigusamninga.



Víðidalur fyrir ofan Efra-Breiðholt.



Mörg námskeið í hestamennsku hafa verið haldin í Víðidal. Þessi mynd var tekin af ungri stúlku á reiðnámskeiði fyrir nokkrum árum.

Kósý jól í Systrasamlaginu



Tarotspil, kerti & reykersi
Allt sem þú þarft til gáðra og gleðjast.



Möntruskart & kristalseyrnalokkar
Tófrandi skart.



Ómótstæðileg kosýföt
Vinsæli lífræni joga/kosý samfestingurinn.



Hugleiðslupúðar
Einstöki gæði. Lífið er núna.



Cacaó & trúnó
Kíktu í cacaó, kaffi, túrmerklatte og annað góðgæti á Boðefnabarnum.



Kork jógaðýnur
Sterkar, umhverfisvænar og fallegar.



Gjafabréf er gullmoli
Fyrir gjafabréf Systrasamlagsins getur fengið allt þetta og meira til.



Möntrubollar
Taumlaus fegurð og gæði.



Afgreiðslutími í desember.
Mán: 11.00-16.00
Þri-fös: 11.00-18.00
Lau: 11.00-16.00

Systrasamlagið
Óðinsgötu 1
Sími: 511 6367
www.systrasamlagid.is

787

hugmyndir hafa orðið að veruleika

Sendu inn
þína hugmynd
á hverfidmitt.is



Stærsti verslunarkjarni í Breiðholti

Erfið uppbygging og ýmis fjörbrot

Verslunarmiðstöðin í Mjódd er stærsti verslunarkjarni Breiðholtsins. Í Verslunarmiðstöðinni í Mjódd eru um 70 fyrirtæki og sum hafa verið þar frá upphafi en önnur skemur. Þótt Mjóddin stangi utan hinna eiginlegu íbúðahverfa var hún hugsuð sem aðal versluna- og þjónustumiðbær fyrir Breiðholt. Mjóddin er upphaflega örnefni á mótum Breiðholtsmýrar og Breiðholts og náði niður undir Blesugróf. Um Mjóddina lá leiðin úr Reykjavík að Breiðholtsbænum.

Í 23 þúsund íbúa byggð var talið að bygging verslanamiðstöðvar gæti staðið undir sér rekstrarlega og veitt nýlega byggðu Breiðholti margvíslega þjónustu. Þótt staðsetning hennar hafi verið ákveðin gekk uppbyggingin ekki þrautalaus fyrir sig. Á þessum tíma var KRON og Samband íslenskra samvinnufélaga stórir aðilar á matvörumarkaði. KRON var þá orðinn eignaraðili að Miklagarði verslanamiðstöðvar við Sund og hugðu forráðamenn þess á frekari landvinninga. Hagkaup var aðalkeppinautur KRON.

Með byggingu Kringlunnar hafði Hagkaup náð yfirburðastöðu yfir aðra keppinauta. Í Mjóddinni var talin möguleiki til að ná föttestu í smásöluverslun í Reykjavík. Gallinn var hins vegar sá að með uppbyggingu í Mjóddinni á vegum KRON var félagið komið með tvær hliðstæðar verslunareiningar með tvöfaldrum yfirstjórn. Á þessum tíma var farið að halla undan fæti hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga. Gagnrýnisráddir á þeim tíma létu í ljósi að með uppbyggingu Mjóddarinnar væri KRON að skemmta skrattanum með samkeppni við sjálf sig. Vegna eignaraðildarinnar að Miklagarði hafi Kaupstaður í Mjódd verið röng ákvörðun forráðamanna KRON. Bent var á að ákveðið skipulagsleysi væri ríkjandi í verslunarrekstri þess og af þeirri ástæðu verið anað út í þetta. KRON rak um tíma stóra matvöruverslun í Mjódd þar sem NETTÓ verslunin er í dag og vöruhús á annarri hæð yfir matvöruversluninni þar sem læknastofur eru nú til húsa. Svo fór að KRON hvarf af sjónarsviðinu bæði í Mjóddinni og í Miklagarði og síðan endanlega í heim fortíðarinnar.

Umferðarvandráði við Mjóddina

Í desember 1989 fjallaði Kíwanisblaðið Vifill í Breiðholti um Mjóddina. Umferðarmál í kringum hana voru ekki undan skilin. Þar segir meðal annars að atvinnurekstur í Mjóddinni hafi átt erfitt upprættar. Stafi það bæði af því hversu uppbyggingin hafi gengið hægt fyrir sig en einnig að skipulag umferðarmála væri ekki í neinu samræmi við þarfir viðskipta- og þjónustumiðstöðvar. Verslunarstjóri sem þá starfaði í Mjóddinni hafði á orði að rekja mætti stór gjaldþrot sem orðið hafi á svæðinu til umferðarmála. Í júní 1987 var borgarverkfræðingur og umferða- og skipulagsnefnd send krafa um að leyfð yrði vinstri beygja af Reykjanesbraut inn á Álfabakka sem hafði verið lokað. Þá endaði Reykjanesbrautin við Breiðholtsbraut. Hafði ekki verið byggð lengra og þjónaði því

aðeins Breiðholtinu en tengdi ekki Reykjavík, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð saman eins og hún gerir í dag. Í desember sama ár ítrekaði Landsbankinn sem var og er með stórt útibú í Mjóddinni sömu kröfu. Á þeim tíma þurfti nær öll umferð inn í Mjóddina að fara inn á Stekkjarbakka framhjá bílalúgusjoppu sem hét Staldrið. Sumir viðmælendur í Mjóddinni á þeim tíma vildu meina að borgaryfirvöld notuðu umferðarmál til að hygla rekstraraðila Staldursins umfram verslunarmiðstöðina.

Fyrirtæki komu og fóru

Verslanir og önnur þjónustufyrirtæki hafa komið og farið í Mjóddinni eins og víðast annars staðar. Nokkur bankaútibú voru þar um tíma en nú er aðeins Landsbankinn með útibú en það var hann sem reið á vaðið með atvinnustarfsemi í Mjóddinni og byggt var stórt hús yfir bankastarfsemi. SPRON var um tíma með útibú í göngugötunni en eftir að því var lokað kom upp sú staða að opna spilasal á vegum Háspennu í því húsnæði. Þær hugmyndir fengu mikinn mótbyr og beitti Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson þáverandi borgarstjóri sér gegn því að salurinn yrði opnaður. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins eða Vínubúðin var um tíma í göngugötunni í Mjódd en var skyndilega flutt þaðan yfir í húsnæði Garðheima án nokkurra skýringa. Apótek hafa lengi starfað í Mjóddinni og eru tvö apótek hlið við hlið í göngugötunni. Síðan má nefna að hjálparstofnanir hafa staðsett sig þar. Fataverslun Rauða krossins er við austurenda göngugötunnar og gegnt henni er félagsmiðstöð Hjálpræðishersins.

Samgöngumiðstöð í Mjódd

Saga almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu nær aftur til ársins 1931. Fyrstu árin var reksturinn á höndum hlutafélags en árið 1944 keyptu bæjaryfirvöld í Reykjavík reksturinn. Strætó bs. var síðan stofnað en það er byggðasamlag í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þjónustustöðvar Strætó eru í dag við Hlemm og í Mjódd. Báðar stöðvar gegna mikilvægu hlutverki innan leiðakerfið Strætó. Um Mjódd fer mikill fjöldi fólks daglega og í dag er Mjóddin miðstöð landsbyggðarstrætó og gert er ráð fyrir að þar verði ein af aðalstöðvum borgarlínunnar.

Miðstöð heilbrigðisþjónustu

Með tímanum hefur Mjóddin orðið miðstöð heilbrigðisþjónustu.



Yfirbyggð göngugata í Mjódd. Mætti nýstast betur einkum sölubásasvæðið.



Á þessari loftmynd af Breiðholti má sjá Mjóddina. Nyrst er Stekkjabakkinn og Garðheimsvæðið. Þá verslunarmiðstöðin sjálf ásamt umferðarmiðstöðinni og sunnan Breiðholtsbrautar má sjá Árskóga og ÍR svæðið.

Þar er heilsugæslustöð, læknastofur, tannlæknastofur og sjúkrahjálfarar að störfum. Þessar þjónustueiningar gera það að verkum að umferð um Mjódd er frekar stöðug yfir daginn. Auk þess eru margir notendur sem koma víða að og ekki aðeins úr Breiðholti og nálægum hverfum heldur líka úr öðrum hverfum á höfuðborgarsvæðinu. Eins og gefur að skilja er samt sem áður mesta umferð fólks um svæðið síðdegis þegar fólk fer í matvöruverslanir og sækir sér aðra álíka þjónustu. Sölubásar eru staðsettir í yfirbyggðu göngugötunni. Þá er hægt að leigja til lengri eða skemmri tíma til að kynna og selja vörur líkt og handverk og vörur beint frá býli. Básarnir eru ekki vel nýttir en veruleg eftirspurn er eftir þeim í kringum jólahátíðina og stundum á föstudögum Á öðrum tímum standa þeir oftast auðir.

Ekki önnur stór matvöruverslun í Mjóddina

Ekki er tekið sérstaklega til Mjóddarinnar í drögum að nýju hverfaskipulagi sem nú er verið að kynna í Breiðholti. Staða



Staldrið við Stekkjarbakka 2. Þegar þarna var komið sögu var Staldrið komið í eigu Oliufélagsins og verið að undirbúa opnun bensinstöðvar.

verslunarmiðstöðvarinnar verður áfram sú sama. Hún verður megin verslun- og þjónustumiðstöð Breiðholts. Til lengri tíðar er gert ráð fyrir möguleikum til að byggja íbúðahverfi á Garðheimareitnum og hefur Garðheimum þegar verið veitt vilyrði fyrir lóð í Suðurmjódd. Núverandi stefna borgaryfirvalda er að ekki komi önnur stór matvöruverslun í Mjóddina heldur verði verslunarstarfsemi í

hverfiskjörnunum eflid. Þeir verði látnir dafna við hlið Mjóddarinnar eins og hugmyndin var þegar Breiðholtið var skipulagt. Þegar litið er yfir sviðið í dag virðist staða Mjóddarinnar góð. Margvíslega starfsemi er það að finna. Starfsemi sem styrkir hver aðra. Verslun og heilsu- og heilbrigðisþjónusta auk margs annars.



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Hverfið mitt

Hugmyndasöfnun hafin

Hugmyndasöfnun fyrir lýðræðisverkefnið „Hverfið mitt“ er hafin og stendur til 20. janúar 2021. Nú eru íbúar beðnir um að koma með hugmyndir að dýrari verkefnum enda hefur fjármagn verið nær tvöfaldað.

Þetta er í níunda sinn sem hugmyndasöfnunin fer fram og 787 hugmyndir hafa orðið að veruleika síðan verkefnið hófst. Að þessu sinni stendur hún lengur yfir og er óskað eftir hugmyndum að stærri verkefnum frá íbúum í hverfunum.

Verkefninu hefur nú verið breytt þannig að það nær yfir tvö ár. Fyrst kemur hugmyndasöfnun en síðan er farið í íbúakosningar um hugmyndirnar. Með þessu móti gefst tækifæri til að auka samráð við höfunda hugmyndanna og íbúa í hverfunum, bæði hvað varðar hönnun á verkefnum og



Ýmis verkefni hafa verið á döfnni á undanförunum árum. Þar á meðal nýr körfuboltavöllur í Breiðholti.

framkvæmd þeirra. Einnig hefur fjármagn í framkvæmdapottinn verið

nánast tvöfaldað og verður að þessu sinni 850 milljónir króna í stað 450 milljóna áður.

Gámastofur við FB

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hefur fengið samþykkt að fá 12 gáma til að búa til tvær kennslustofur. Að undanförunu hefur matsalur skólans verið notaður fyrir kennslustofu vegna COVID en með þessari lausn munu nemendur og starfsfólk fá hann aftur í sitt fyrri horf.

Áformað er að byggja við skólann og er hafin vinna við undirbúning þess en með þessu er verið að leysa bráðan húsnæðisvanda til bráðabirgða. Farið var að huga að þessum möguleika á liðnu voru og máið tekið upp að nýju nú í haust þegar ljóst var að erfitt yrði að taka á móti öllum nemendum sem óskuðu eftir að komast í verklegt nám. Hinar nýju kennslustofur verða nýttar til kennslu í verklegu námi í rafvirkjun.



Eignaumsjón 20 ára þekking og reynsla!

- » Gott viðmót
- » Fagleg þekking
- » Skilvirkar lausnir
- » Gagnsæjar upplýsingar
- » Hlutlaus og fagleg nálgun



• EIGNAumsjón

20 ára

Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík
Sími 585 4800
thjonusta@eignaumsjon.is
eignaumsjon.is

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188

Sæfarar, hipsterar, söngvarapör þurfa söfn til að kanna og lakkrísör.



Þegar þú velur íslenska vöru eða þjónustu skilar það sér aftur til þín. Þú styður við íslenskan iðnað, verslun, framleiðslu og hugvit. Þannig skapast verðmæti og störf, samfélaginu okkar til góða. Kynntu þér málið á gjoridsvovel.is.

ÍSL=ENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA

As We Grow blæs til sóknar



Íslenska fatahönnunarkerkið As We Grow er að blása til sóknar. Fyrirtækið stendur undir nafni og stækkar nú verslun og vörulínu As We Grow hefur vaxið jafnt og þétt síðastliðin ár og er nú búið að festa sig í sessi sem eitt helsta barnafatamerkið á markaðnum í dag. Sagan um peysuna sem íslensk móðir þrjónaði á son sinn og fór á flakk um heiminn í áraræðir, er á margra vitorði í dag, en peysan er enn í notkun.

Þetta var kveikjan að stofnun As We Grow árið 2012, en frá upphafi hefur fyrirtækið haft nærgætni við umhverfið og sjálfbæra framleiðslu að leiðarljósi. As We Grow er eina íslenska fatahönnunarkerkið sem hefur hlotið Hönnunarverðlaun Íslands, sem eru æðstu verðlaun á sviði hönnunar og jafnframt hlotið hin virtu Junior Design Awards mörg ár í röð bæði fyrir hönnun og umhverfisvitund.

Fyrirtækið hefur nú blásið til sóknar og fékk nýverið einn hæsta styrkinn frá Hönnunarmiðstöð Íslands til að þróa nýja fullorðinslínu, en hingað til hefur mesta áherslan verið lögð á barnafatnað.

Verslunin í Garðastræti 2 hefur nú verið stækkuð ásamt auknum umsvifum erlendis, en merkið hefur vakið mikla athygli víða erlendis og þá einkum í Asíu. Þá er gaman að segja frá því að eitt þekktasta tiskumerki í heimi hafði samband í sumar og tók upp auglýsingu með fatnaði frá As We Grow, sem er mikil viðurkenning og hvatning.

Mikil vinna hefur verið lögð í að þróa og bæta íslenska vefverslun As We Grow undanfarna mánuði og hefur netsalan margfaldast í kjölfarið. Með því hefur fyrirtækinu tekist að koma enn frekar til móts við þarfir viðskiptavina, en til jóla verður boðið upp á fríar heimsendingar sem hafa mælst mjög vel fyrir.



Hrekkjavaka í Hellinum

Hrekkjavaka í Hellinum félagsmiðstöðinni við Kleifarsel. Í vikunni fönndruðu krakkarnir hrekkjavökuskraut, skáru út grasker, skreyttu félagsmiðstöðina og gerðu sér glaða daga í tilefni hrekkjavökunnar.

Mikil og sterk hefð er fyrir hrekkjavökunni í Hellinum þar sem krakar og starfsfólk taka

virkan þátt í hátíðarhöldunum og klæða sig upp í skemmtilega og jafnframt hræðilega búninga. Það er óhætt að segja að vikan hafi farið vel fram og skemmtu börn jafnt og fullorðnir sér virkilega vel og mátti sjá nornir, Svarthöfða og marga aðra óvætti bregða fyrir í Hellinum. Krakkarnir bíða spennit eftir næstu hrekkjavöku.



Svarthöfði mættur á svæðið.



Grasker eru hluti hrekkjavörkunnar.

Menntasjóður námsmanna bregst við covid

Menntasjóður námsmanna hefur brugðist við þeim aðstæðum sem hafa skapast vegna coronaveirufaraldursins. Þar á meðal hefur umsóknarfrestur fyrir námslán fyrir haustönn 2020 verið framlengdur til 1. desember nk.

Einnig hefur verið ákveðið að námsmenn geti óskað eftir því að tekjur sem aflað er á árinu 2020 vegna vinnu í bakvarðarsveitum heilbrigðis- og velferðarþjónustunnar og bakvarðarsveit lögreglunnar verði undanskildar og komi ekki til frádráttar við útreikning á framfærslu námsmanns skólaárið 2020 til 2021. Sækja verður um lækkan tekna við útreikning námslána vegna launa við vinnu í bakvarðarsveit og vegna úttektar á séreignarsparnaði með því að senda tölvupóst á menntasjóður@menntasjóður.is. Að síðustu má nefna að þeir sem sækja um námslán eftir námshlé eða hafa ekki verið á námslánnum á síðasta skólaári fá fimmfalt frítekjumark.

AS WE GROW

Umhverfisvæn íslensk hönnun



WWW.ASWEKGROW.IS
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK



Kvöldskóli FB

Vorönn 2021

Húsasmiðabraut

Sjúkraliðabraut

Rafvirkjabraut

Íslenska

Danska

Enska

Stærðfræði

Sálfræði

Upplýsingatækni

Skyndihjálparnámskeið

Skráning á www.fb.is

Kennsla hefst 5. janúar 2021

Allar nánari upplýsingar á www.fb.is og kvold@fb.is

Velkomin í FB



Innritun fyrir nám á vorönn 2021 lýkur 30. nóvember
Allar nánari upplýsingar má finna á www.fb.is

- Fata-og textílabraut
- Náttúruvísindabraut
- Myndlistarbraut
- Opin braut
- Nýsköpunarbraut
- Tölvubraut
- Félagsvísindabraut
- Húsasmiðabraut
- Framhaldsskólabraut
- Rafvirkjabraut
- Hugvísindabraut
- Sjúkraliðabraut
- Íþróttabraut
- Snyrtibraut

Ný braut: Nýsköpun, hönnun og listir

Nemendur verða að hafa lokið stúdentsprófi,
starfsnámsprófi eða sambærilegum prófum.



@fbskoli



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Guðjón Samúelsson húsameistari



Guðjón Samúelsson húsameistari var frumkvöðull á mörgum sviðum og átti veigamikinn þátt í nútímavæðingu íslensks samfélags.

Í þessari bók skoðar höfundurinn, Pétur H. Ármannsson, verk og hugmyndir Guðjóns út frá sérstöðu hans sem háskólamenntaðs arkitekts.

Bókina prýðir fjöldi mynda og teikninga.

Unnu lokaverkefni um Korku

Nemendur í 10. bekk Seljaskóla unnu lokaverkefni um Korku sögu eftir Vilborg Davíðsdóttur fyrir vetrarfrí. Nemendur unnu saman tveir og tveir, fengu úthlutað einum kafla og áttu að útbúa myndasögu úr kaflanum.

Útkoman varð hreint stórkostleg og fóru myndirnar upp á vegg í húsi tvö nú í vikunni. Íslenskukennarar urðu svo ánægðir með nemendur sína að þeir ákváðu að senda stuttan texta og myndir af verkefnum til höfundarins. Vilborg varð svo hrifin af vel unnum myndasögnum að hún bað um leyfi til að birta þær á Fésbókarsíðu sinni og að sjálfsgöðu veittu nemendur það leyfi góðfúslega. Vilborg talaði um hversu gaman væri að sjá ólíka túlkun á bókinni og það fyrir hlýjar kveðjur og vildi koma því til nemenda hvað hún væri hrifin af verkum þeirra.



Myndir unnar af nemendum 10. bekkjar upp úr sögunni um Korku.

Látra Björg komin á kreik í Breiðholti

- Hólar hefur endurútféið sögu hennar og ljóð í nýrri bók

Bókaútgáfan Hólar í Breiðholti hefur sent frá sér bókina Látra Björg. Bókin er í grunninn skrifuð af Helga Jónssyni frá Þverá í Dalsmynni í Fnjóskadal. Bók Helga kom út árið 1949 og er hér um endurútgáfu að ræða enda verið ófánleg í áratugi. Í bókinni eru umtalsverðar viðbætur auk þess sem öll helstu kvæði Bjargar eru birt. Í sérstökum viðauka er Látrabréfið birt en líkur eru til að sé eini varðveitti prósatextinn eftir Björgu og er einhver kynngimagnaðasti orðagaldur sem um getur. Bréfið er sagt hafa fundist í skemmuvegg á Látrum árið 1740.

Látra Björg var umtöluð persóna á sinni tíð og löngu síðar. Hún er talin fædd í Stærra Árskógi á Árskógsströnd en farið með foreldrum sínum, Margréti Björnsdóttur og Einari Sæmundssyni að Látrum á Látraströnd í Fjörðum árið 1722. Foreldrar hennar fluttu þaðan aftur þremur árum síðar en Björg varð eftir þá nú ára. Hún átti að líkindum heima á Látrum fram um miðjan aldur og var kennd við þann stað alla tíð. Hún var sögð stórskorin kona og mikil vexti og þótti karlmannsigildi til verka. Hún mun hafa stundað erfiðisvinnu og þar á meðal sjóróðra á sínum yngri árum. Á síðari hluta ævinnar gerðist hún fúrukona og flakkaði milli bæja og sveita á Norðurlandi. Hún lést á vergangi í Svarfaðardal í Móðuharðindunum 1784 og talin jarðsett að Upsum sem er gamall kirkjustaður í útjaðri Dalvíkur. Til er þó sögn um að hún hafi fengið legstað í Höfðagrafreit. Bólu Hjálmur taldi hana grafna þar og kvað.

Dauð frá Látrum borin Björg byggir leg að Höfða. Að Gimlasátrum gáfnamörg gekk með hlátrum sálin fjörg.

Fagurt er í Fjörðum

Kveðskapur Bjargar gerði hana þekktu og hefur haldið nafni hennar á lofti allt til þessa dags. Vísur Látra Bjargar eru margar hverjar sérkennilegar, kraftmiklar og stundum

kaldhæðnar. Oft snúast þær um daglegt líf og baráttu manna við náttúruöflin. Eftir hana liggur fjöldi vísna um sveitir norðanlands, um Fnjóskadal, Fjörður, Melrakkaslétu og fleiri byggðir. Þar ber hún gjarnan lof á sumar en last á aðrar. Meðal þekktustu kvæða Látra Bjargar er Fagurt er í Fjörðum.

Fagurt er í Fjörðum, þá frelsarinn gefur veðrið blítt, hey er grænt í gördum, grös og heilagfiskið nýtt. En þá veturinn að þeim tekur sveigja, veit ég enga verri sveit um veraldarreit. Menn og dýr þá deyja.

Orgar brim á björgum bresta öldu hestar, stapar standa tæpir, steinar margir veina. Þoka úr þessu rýkur, þjóð ei spár göðu. Halda sumir höldar hrið á eftir ríði.

Níðskáldið Látra Björg

Látra-Björg beitti oft níði þegar hún orti um menn sem henni geðjaðist ekki að. Af þeim sökum var hún talin kraftaskáld og kom það fyrir að henni voru eignaðar ófarir eftir að hún hafði ort níð um menn. Til dæmis töldu margir að Jón Benediktsson sýslumaður á Rauðuskriðu í Þingeyjarsýslu hefði lagst banaleguna eftir að Björg heitaðist við hann í vísu eftir að hann dæmdi hana fyrir vergang. Áður en hann lést hugði hann vandlæta um háttu hennar, en þá á Látra-Björg að hafa kveðið.

Táli pretta örgu ann, aldrei sóma stundar; máli réttu hallar hann, hvergi dóma grundar.

Grundar dóma, hvergi hann hallar réttu máli. Stundar sóma, aldrei ann örgu pretta táli.

Látra Björg beitti stundum bragarhætti sem kallast sléttubönd en þá er vísa kveðin áfram og síðan aftur á bak eins og sjá af vísunni sem



Kápa bókarinnar um Látra Björgu sýnir manneskju berjast á móti vindi í hriðarbyli. Líkt eftir hugmyndum um hinstu ferð Bjargar um Svarfaðardal.

ætlun var Jóni á Rauðuskiðu. Samtíðarmenn hennar óttuðust hana því með kvæðum sínum var hún sögð geta flutt til fjöll, laðað að sér fisk og deytt menn eða fært þeim gæfu. Í þessari bók frá Hólum eru öll helstu kvæði Látra Bjargar birt og um leið skýringar Helga og samantekt hans á æviferli hennar. Ljóst má vera að þrátt fyrir stórkallalegar lýsingar á útliti hennar og atgervi hefur henni verið ýmislegt til lista lagt. Það sýnir kveðskapur hennar og ljóðagerð svo vart verður um villst því hún hefur tæpast notið mikillar menntunar utan lestrarkunnáttu og skriftar. Trúlega hefur atgervi hennar og æði ekki fallið að viðurkenndum skilgreiningum samfélagsins á þeim tíma. Vel er því til fundið að efna til útgáfu á sögu þessarar konur og verkum hennar. Þessi saga fellur að umræðum dagsins í dag. Hún á fullt erindi til nútímans þótt meira en tvær og hálf öld skilji að.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsdóttir Kristín Ingólfssdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.

Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

Stafræn félagsmiðstöð fyrir ungmenni í Breiðholti

Á fordæmalausum tímum eru margar nýjar áskoranir í lífi okkar allra, félagsmiðstöðvarnar eru þar engin undantekning. Við fengum því miður þau skilaboð í byrjun nóvember að við þyrftum í annað skipti á þessu ári að loka dyrum félagsmiðstöðvanna fyrir börn og unglunga á aldrinum 10 til 16 ára. Þetta er eins og gefur að skilja engin óskastaða fyrir starfið okkar en þó nauðsynlegt í ljósi aðstæðna. Við höldum starfsdag þar sem næstu vikur voru skipulagðar út frá þessum takmörkunum og var niðurstaðan að hafa aftur stafræna félagsmiðstöð.

Hvað er stafræn félagsmiðstöð? Í mjög einföldu máli erum við að bjóða uppá afþreyingu og lífandi spjall fyrir markhópinn okkar í gegnum

samfélagsmiðla, heimasíðuna okkar og forrit sem heitir Discord. Við höfum sl. viku boðið uppá bingó þar sem við keyrum vinninga heim að dyrum til sigurvegara, við spilum rafræn borðspil með þeim, tölvuleiki, spjöllum, erum með spurningakeppnir og margt fleira. Stafræna starfið er í stöðugri þróun og þykir okkur ótrúlega vænt um að geta verið í samskiptum við markhópinn áfram þó að það sé í breyttri mynd. Samhliða þessu hafa félagsmiðstöðvarnar verið með útírólt öll kvöld þegar það er venjulega opið í félagsmiðstöðvunum. Við teljum að það sé mikilvægt að vera sjáanleg í hverfinu til að stuðla að öryggi og velferð barna og unglunga í Breiðholti.



Margar nýjar áskoranir eru í lífinu í dag. Þar á meðal er notkun andlitsgrímu þar sem fólk kemur saman.



Mættir í félagsmiðstöðina Hólasel. Að sjálfsögðu er gríman á sínum stað.

Lýsa Seljakirkju með roðagylltu ljósi



Veggspjald sem gert var í tilefni átaks Sameinuðu þjóðanna.

Soroptimistaklúbbur Bakka og Selja og Kvenfélag Seljakirkju stefna að því að lýsa Seljakirkju upp með roðagylltu (appelsínugulu) ljósi dagana 25. nóvember til 10. desember nk. Þetta er gert til þess að vekja athygli á átaki Sameinuðu þjóðanna „Roðagylltum heiminn“.

Þessu átaki er ætlað að efla vitundarvakningu gegn kynbundnu ofbeldi. Alþjóðasamtök soroptimista, ásamt ýmsum öðrum kvennasamtökum hér á landi og á alþjóðavísu, hafa gert þetta átak að sínu og taka þátt í því meðal annars með því að lýsa upp opinberar byggingar í roðagylltum lit meðan á því stendur.

Það er táknrænt að Roðagylltu dagarnir hefjast á alþjóðlegum baráttudegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi og þeim lýkur á sjálfum Mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna, 10. desember, en sá dagur er jafnframt alþjóðlegur dagur Soroptimista.

www.borgarblod.is

Óskum Leikni til hamingju með sæti í úrvalsdeild!



HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Viltu hjálpa okkur að kynna íþróttir og frístundir?

Eitt það mikilvægasta sem við getum gert fyrir börnin okkar er að tryggja þeim tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu s.s. að ganga í skóla og taka þátt í íþróttum og tómstundum. Með þátttöku í íþróttum og tómstundum þroska börn ekki aðeins með sér líkamlega eiginleika og góðar heilsuvenjur heldur einnig félagslega vellíðan. Börn læra að vinna saman og tengjast í gegnum sameiginleg markmið sem eru til staðar í íþróttum og tómstundum og njóta og hafa gaman á sama tíma. Þessi tengsl og félagslegu færni taka svo börnin með sér út í lífið þegar þau eldast og nýta sem styrkleika.



Nichole Leigh Mosty.

Í verkefninu okkar „Frístundir í Breiðholti“ erum við í nánu samstarfi við þjálfara og fullorðna sem vinna með börnum að því að styrkja félagsleg vinatengsl milli barna og fjölskyldna með ólíkan bakgrunn.

Markmið okkar í Breiðholti er að styðja alla og veita öllum tækifæri sem búa hér til að finna sinn stað og hlutverk í samfélaginu. Við viljum ná til fólks með fjölbreyttan félagslegan og menningarlegan bakgrunn og upplýsa það um verkefnið „Frístundir í Breiðholti“. Í þeim tilgangi leitum við að einstaklingum sem vilja vinna með okkur að því að miðla upplýsingum um verkefnið t.d. til fólks af erlendum uppruna. Hafðu endilega samband ef þú vilt aðstoða eða getur bent á einhvern sem gæti aðstoðað okkur við að kynna íþrótt- og frístundastarf í Breiðholti meðal íbúa með fjölbreyttan bakgrunn.

English:

One of the most important things we can do for our children is to ensure they have every opportunity to participate in society. In childhood, the “society” that they participate in is i.e. school, church, sport or leisure activities. Through participation in sport and leisure activities children develop not only their physical wellness and good health habits, more importantly their social and emotional well-being. Children learn to work together and connect as people through shared goals that exist in sport and leisure activities, while having fun! Here is the important thing, these connections and the development of these social skills are something children will take with them as they grow, and utilize as strengths.

In our project “Frístundir in Breiðholt” we are working closely with coaches and adults who work with children. Coaches are taking further steps in supporting togetherness between children and families from diverse backgrounds.

Our goal in Breiðholt is to support everyone living here to find his or her place in society. We encourage anyone with a desire to support us in our efforts to reach out. Our goal is to reach out to people of diverse social and cultural backgrounds and inform them of the project. Please feel free to send us a line with information about anyone who might be able to work with us in mediating information about this project. Of if you just want to share or any other ideas you might have regarding how we can support all of our children in participating in sport and leisure activities.

Nichole Leigh Mosty
Verkefnastjóri / project manager
Þjónustumiðstöð Breiðholts
nichole.leigh.mosty@reykjavik.is



NOON
HÁRSTOFA

5 6 7 2 0 7 7 HÓLMASELI 2, 1 0 9 R V K

Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Leiknir upp í deild þeirra bestu

Í lok október tilkynnti KSÍ að keppni á Íslandsmóttinu í fótbolta væri lokið en ekki var hægt að klára allar umferðir vegna Covid-19 faraldursins. Sérstök reglugerð tók þá gildi og endaði Leiknir í Breiðholti í öðru sæti Lengjudeildarinnar, 1. deildar.

Það er því ljóst að Leiknir mun leika í Pepsi Max-deildinni, efstu deild karla, á næsta tímabili. Frábær árangur á sérstöku tímabili en liðið er gríðarlega vel að þessu komið. Leiknisliðið spilaði stórskemmtilegan fótbolta og sýndi mikinn stöðugleika í gegnum tímabilið. Liðsheilindin var öflug og margir uppaldir Breiðhyllingar létu ljós sitt skína ásamt aðkomumönnum sem eru orðnir glerharðir Leiknismenn eftir dvöl þeirra hjá félaginu.

Leiknismenn skoruðu 50 mörk en aðeins Keflavík skoraði fleiri. Varnarlega var liðið feikilega vel skipulagt og fékk á sig 22 mörk á tímabilinu, fæst mörk allra liða deildarinnar.

Mikill hugur er í Leikni að gera vel í deild þeirra bestu á næsta ári og er mikið gleðiefni að geta aftur boðið upp á leiki í efstu deild fótboltans í Breiðholti. Það er skemmtilegt og spennandi ár framundan.



Besti þjálfarinn og efnilegasti leikmaðurinn frá Leikni

Vefsíðan Fótbolta.net opinberaði lið ársins í Lengjudeildinni en þjálfarar og fyrirlíðar sáum valið. Leiknir á fjóra fulltrúa í liði ársins; hollenska markvörðinn Guy Smit sem kom hrikalega öflugur inn í liðið, Bjarka Aðalsteinsson sem var eins og klettur í vörminni, fyrirlíðann Sævar Atla Magnússon sem var gríðarlega skæður í sóknarleiknum og svo Vuk Oskar Dimitrijevic sem valinn var efnilegastur í deildinni.

Vuk er uppallinn Breiðhyllingur en fyrir tímabilið var hann seldur í FH og svo lánaður aftur á heimaslóðirnar. Vonandi mun Vuk blómstra í búningi FH á næsta tímabili.

Á varamennabekknunum í liði ársins má svo finna annan Leiknismann en það er varnarmaðurinn Gyrðir Hrafn Guðbrandsson sem átti frábært tímabil.

Svo má ekki gleyma því að Sigurður Heiðar Höskuldsson, þjálfari Leiknis, var valinn þjálfari ársins. Sigurður hefur gert framúrskarandi hluti við stjórnvölinn og er einn mest spennandi ungi þjálfari landsins.



Húsfélagþjónusta

Leiðandi í hagkvæmni og rekstri húsfélaga

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundir
- ✓ MÍNAR SÍÐUR
- ✓ Þjónustusaga húss
- ✓ Önnur þjónusta



• EIGNAUMSJÓN www.eignausmsjon.is

Undirheimar teknir í gegn

Á meðan æfingar eru bannaðar og engin mót eru í gangi hefur þjálfari meistaraflokks karla, ásamt stjórn og starfsfólki Austurbergs ákveðið að taka félagsaðstöðu sína í gegn og komið Undirheimum í Austurbergi í gott stand. Þegar mót byrjar og aðstæður leyfa, er hugmyndin sú að stuðningsmenn geti safnast saman í Undirheimum fyrir leiki ÍR þar sem stemningin byrjar.

Seinni bylgjan kíkta á Kidda, meistaraflokks þjálfara, og ræddi lauslega við hann:

“ÍR hefur farið nýstárlegar leiðir í fjáröflunum fyrir tímabilið í Olís deild karla í handbolta. Hafa Kristinn Björgúlfsson, þjálfari liðsins, og fleiri gert sitt besta til að lappa upp á heimavöll ÍR og var það til umræðu í síðasta þætti Seinni bylgjunnar.”

Í Undirheimum má finna nýja félagsaðstöðu sem iðkendur deildarinnar geta nýtt, sem og þjálfarar og aðrir aðstandendur.

Má þar finna fyrirlestrasal, VIP rými, sjónvarpsaðstöðu, fundarrými, píluspjöld, fótboltaspil, borðtennisborð og fleiri afþreyingu.

Handknattleiksdeild hlakkar til að sjá sem flesta í Undirheimum í Austurbergi um leið og aðstæður leyfa.



Unnið við framkvæmdir.



Fengist við skreytingar í Undirheimum.



Úr undirheimum í Austurbergi.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

SmíðaVík
GÓÐIR Í GLUGGUM OG HURÐUM

Ef þarf að skipta út gleri,
bæta þéttingu glugga og hurða,
lagfæra glugga og hurðir
eða skipta því út fyrir nýju
erum við réttu mennirnir.

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

smidavik@smidavik.is

sími 898-0503

Guðlaugur



GETRAUNANÚMÉR ÍR

109

GETRAUNIR.IS

HEIMASÍÐA ÍR
www.ir.is

ALLTAF FULLT BORD
AF FERSKUM FISKI
OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ  HÓLMGEIRS
Mjódd



ÁFRAM ÍR

GETRAUNANÚMÉR ÍR

109

GETRAUNIR.IS

lindex.is

Náttföt frá
2599,-

Hafðu það mjúkt
um jólin

LINDEX